

10. ágúst 2020



Kröfur móta 2020-2021

Hópfimleikar

Keppnisfyrirkomulag

Breytingar hafa verið gerðar á reglum og undanþágum. Þjálfarar og félög eru því beðin um að kynna sér móta- og keppnisfyrirkomulagið vel, auk keppnisreglna í hóp fimleikum.

Keppt verður eftir Code of Points, útgáfu 2017, revision june 2019, með íslenskum undanþágum.

Mótafyrirkomulag

Mót	Mfl.	1.fl.	2.fl.	3.fl.	4.fl.	5. fl.	KKe	Kky
Íslandsmót '20	A	A						
Hautsmót	Mfl. B	1.fl B	x	x	x		x	x
GK mót	A	A						
Bikarmót 1	x	x	x				x	x
Bikarmót 2				x	x	x		
Vormót	B	B	B+C	B+C	B+C	B+C	B+C	B+C
Íslandsmót '21	A	A	A	A	A	A	A	A

Aldursflokkar

Eftirfarandi aldersflokkar gilda fyrir keppnistímabilið 2020-2021.

Meistaraflokkur	2003 og eldri
1.flokkur	2004** - 2008
2.flokkur	2006 – 2007
3.flokkur	2008 – 2009
4.flokkur	2010 – 2011
5.flokkur	2012*
KK yngri	2009 - 2012*
KK eldri	2006 – 2009

***2012 mega ekki keppa fyrr en eftir áramót, skv reglum ÍSí**

****Iðkendur fæddir árið 2003 mega keppa með 1.flokki A og B haustið 2020**

Verðlaun

- Veittar er medalíur fyrir samanlögð stig á öllum mótum.
- Verðlaun eru veitt skv þessu fyrirkomulagi:
 - 1 – 4 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. sæti
 - 5 – 9 lið skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 3. sæti
 - 10 lið + skráð – Verðlaun veitt fyrir 1. – 5. sæti
- Á Haustmóti eru veitt verðlaun fyrir 1. – 5. sæti í hverjum flokki, séu lið fleiri en 10, eftir að úrslit eru ljós er raðað í deildir fyrir næsta mót.
- Á Íslands - og Bikarmóti eru veittir bikarar fyrir samanlagðan árangur í öllum kynjaflokkum.
- Í meistaraflokki eru krýndir íslandsmeistarar á einstökum áhöldum.
- Einungis lið sem keppa á öllum áhöldum geta unnið til verðlauna í samanlögðum stigum.

NM seniora

- Bikarmót og Íslandsmót 2021 verða úrtökumót fyrir NM fullorðina.
- Liðin þurfa að vera lögleg lið skipuð keppendum fullorðina á úrtökumótunum til að eiga möguleika á að vinna sér þátttökurétt.
- Liðin fá 7 stig fyrir sigur, 5 stig fyrir annað sæti, 4 stig fyrir þriðja sæti og 3 stig fyrir fjórða sæti. Ef lið eru jöfn að stigum eftir mótin telja fleiri sigrar á áhöldum á milli liðanna og því næst samanlögð stig allra móta.

Hámarksfjöldi þjálfara á mótum

Heimilt er að hafa frjálsan fjölda þjálfara á keppnissvæði í öllum flokkum. Allir þjálfarar þurfa að vera skráðir í leyfiskerfi FSÍ og geta sýnt fram á gilt og viðeigandi þjálfaraskírteini á mótssstað.

Leyfi fyrir þreföldum heljarstökkum

Skv. Reglum UEG eru þreföld heljarstökk ekki leyfileg án skriflegs leyfis frá fimleikasambandi hvers lands. Á mótum vetrarins verða gerðar kröfur um skrifleg leyfi frá FSÍ fyrir þreföldum heljarstökkum, hvort sem er á dýnu, trampólíni eða hesti. Skylda er að sækja um þetta leyfi með sérstöku leyfisbréfi frá FSÍ, en reglur um leyfið má finna á heimasíðu fimleikasambandsins.

Kröfur um keppnisnúmer

Ef keppendur í meistaraflokki og 1. flokki (A og B deildir) eru ekki með keppnisnúmer á keppnisbúningum sínum í keppni, kemur til yfirdómarafrádráttar fyrir að vera ekki í fatnaði samkvæmt reglum. Reglur um keppnisnúmer á Íslandi má finna á heimasíðu fimleikasambandsins. Aðrir flokkar þurfa ekki að hafa keppnisnúmer og fá undanþágu frá CoP. Þó er ekki veittur frádráttur fyrir yngri flokka sem hafa númerin, hvort sem það er hluti af liðinu eða allt liðið.

